



Stjórnarfundur haldinn 3. feb. 2005 kl:17:30

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Birgir, Sigurvin og Bjarney.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Engar athugasemdir.

2. Innkomin bréf.

Bréf frá ÍSÍ v/Felix-Félagakerfi íþróttahreyfingarinnar.

Bréf frá VÍS v/ný lög um váttryggingarsamninga.

3. Send bréf.

Engin

4. Aðalfundir deilda Keflavíkur og félagsins.

Einar fór yfir niðurstöður aðalfunda deilda. Körfuknattleiksdeild heldur sinn fund 7. feb. Deildum var afhentur styrkur aðalstjórnar sem er útteiling á andvirði lottógreiðslna sem kom inn til félagsins fyrir árið 2004 og er útteilt eftir félagatali deilda.

Einar lagði fram minnispunkta vegna aðalfundar.

5. Formannafundur.

Ákveðið að halda formannafund 14. feb. 2005 kl.20:00. Farið yfir dagskrá formannafundar. Framkvæmdastjóra falið að boða til fundarins og senda út dagskrá.

5. Önnur mál.

Einar sagði frá því að gerður hefur verið nýr samningur við Öryggismiðstöðina vegna Hringbrauta 108.

Einar var fulltrúi félagsins í hófi í Stapa þann 29. Janúar sem haldið var Sigurði Steindórssyni og eiginkonu hans Sigríði Marelsdóttur til heiðurs. Fyrrum félagar úr KFK héldu þetta hóf og færðu Sigurði Steindórssyni mynd að gjöf af lífshlaupi hans. Einnig létu þér félagar mála mynd af Sigurði sem þeir færðu félaginu að gjöf sem verður sett upp í félagsheimili okkar að Hringbraut 108.

Verið er að láta útbúa eittþúsund límniða með merki félagsins til að setja í bíla.

Fleira ekki gert fundi slitið kl. 18:55.



Keflavík íþrótt- og ungmennafélag, fyrirmyndarfélag ÍSÍ

